

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Gjaldtaka fyrir hleðslu rafbíla á hleðslustöðvum Reykjavíkurborgar í miðborginni

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur setti upp hleðslustöðvar á 13 stöðum í miðborg Reykjavíkur árið 2018, alls 54 hleðslustæði. Fimm af þessum 13 stöðum eru í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs en 7 staðir með götustæðum. Hleðsla rafbíla á þessum stöðum hefur verið gjaldfrjálss en notendur hafa greitt í stöðumæli að loknum 90 mínútum og greitt fyrir afnot af bílastæðahúsum.

Lagt er til við umhverfis- og heilbrigðisráð að hafin verði gjaldtaka fyrir hleðslu rafbíla á hleðslustöðvum sem Reykjavíkurborg rekur í miðborginni. Gjaldtakan hvetji til losunar á stæðum að hleðslu lokinni og gæti að samkeppni á þessum markaði. Umhverfis- og skipulagssviði, samgönguskrifstofu, verði falin frekari útfærsla á gjaldskránni og að koma henni í framkvæmd.

Greinargerð með tillögu:

Hleðslustöðvar sem Reykjavíkurborg rekur í miðborg Reykjavíkur voru settar upp árið 2018 með styrk frá Orkusjóði og var ætlað að örva orkuskipti í samgöngum. Ákveðið var að taka ekki gjald fyrir afnot af stöðvunum til að byrja með meðan lítið var um rafbíla og ekki voru komnar hleðslustöðvar í rekstri einkaaðila í miðborginni. Rafbílum hefur fjölgað nokkuð á sl. tveim árum en skv. Bílgreinasambandinu eru nýorkubílar um 64,4% af öllum seldum nýjum bílum það sem af er ári 2020. Hleðslustöðvum nærri miðborginni, sem reknar eru af einkaaðilum, hefur einnig fjölgað, t.a.m. rekur ON hleðslustöðvar við Landakot og Regin rekur hleðslustöðvar í bílakjallara við Höfðatorg. Borgin hefur jafnframt boðið út rekstur hleðslustöðva á 32 stöðum í borgarlandinu þar sem gert er ráð fyrir að þjónustuaðili innheimti gjald fyrir hleðslu. Það er því tímabært að hefja gjalddöku fyrir hleðslu í miðborginni.

Ýmsar leiðir eru til gjalddöku s.s. gjald fyrir kílóvattstund (kWh), gjald fyrir tíma í hleðslustæði, blanda af þessu tvennu, áskrift t.d. mánaðargjald o.s.frv. Algengast er að innheimt er kWh gjald fyrir raforku og jafnframt mínútugjald fyrir afnot af hleðslustæði eftir skilgreindan tíma. Mínútugjaldinu er ætlað að hvetja viðskiptavinum til að losa hleðslustæðið að hleðslu lokinni. Eftirfarandi eru nokkur dæmi um gjald fyrir hleðslu rafbíla í Reykjavík:

- EIK Suðurlandsbraut, 26 kr/kWh og 90 kr/klst, 22 kW hleðslustöð, Ísorka þjónustar
- Reginn Höfðatorgi 21 kr/kWh og 180 kr/klst eftir fyrstu 3 tímuna, 22 kW hleðslustöð, Ísorka þjónustar
- Ísorka Grensásvegi 21 kr/kWh og 90 kr/klst eftir 1 klst, 7,4 kW hleðslustöð

- LSH Fossvogi 20 kr/kWh og 120 kr/klst, 22 kW hleðslustöðvar, ON þjónustar
- Hótel Natura 20 kr/kWh og 120 kr/klst, 22 kW hleðslustöðvar, ON þjónustar

Fjölgun rafbíla hefur verið hvað örust í Osló. Því er gjarnan horft til þess hvernig staðið er að innviðauppbýggingu þar. Árið 2018 var hafin gjaldtaka fyrir hleðslustæði í Osló til að hvetja eigendur til að losa stæðin að lokinni hleðslu. Í Osló eru tveir gjaldflokkar eftir því hvenær sólahrings er hlaðið. Þannig er dýrara að hlaða frá kl. 9-20, 15 Nkr./klst, en frá kl. 20-9, 10 Nkr./klst. Í sumum stæðum er hámarkstími sem leggja má í stæði 3 tímar milli kl. 9 og 20.

Umferðarlög voru endurskoðuð árið 2019, lög nr. 77/2019, og tóku gildi 1. janúar 2020. Samkvæmt nýju lögunum er nú óheimilt að stöðva eða leggja ökutæki í stæði sem merkt er til hleðslu rafbíla nema í þeim tilgangi. Samhliða nýrri gjaldskrá fyrir hleðslu er mikilvægt er að merkja hleðslustæði rafbíla í miðborginni svo leggja megí stöðubrotsgjald á bíla sem ekki eru rafbílar en leggja í stæðin og tryggja þannig rétta notkun þeirra.

Virðingarfyllst,

Guðmundur B. Friðriksson
Skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða